

Eystrahorn

29. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 2. september 2021

www.eystrahorn.is

Barnastarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar



Krakkarnir fóru í blíðskaparveðri inn að Þorgeirsstaðarfossi og léku sér í ánni

Hefð er fyrir því að Menningarmiðstöð Hornafjarðar standi fyrir fræðslu og skemmtiferðum fyrir börn frá sjö ára aldri. Í sumar var þar engin breyting á og voru farnar tíu ferðir, tvær þeirra voru farnar í samstarfi við leikjanámskeið Sindra og gekk það vonum framur og mættu þá um 60 börn í ferðirnar, annars eru vanalega um 15 börn að meðaltali í ferðum miðstöðvarinnar.

Í barnastarfi sumarsins skoðuðum við nærumhverfið og fræddumst um náttúruna, fórum í bátsferð út í Mikley, farið var upp að Þorgeirsstaðafossum og leikið í ánni. Björn G. Arnarson fór með börnin út í Ósland og sagði þeim frá lífríkinu og lífsháttum fugla.

Við skoðuðum Þórbergssetur, heimsóttum Jöklaveröld í Hoffelli og skelltum okkur í pottana góðu. Við heilsuðum upp á dýrin í Flatey og fræddumst um hesta hjá Hlíðarbergshestum. Í ár var einnig boðið upp á listasmiðju í barnastarfinu þar sem börnin skoðuðu það sem finna má úti í náttúrunni í smásjám og unnu svo listaverk í tengslum við það.

Ferðirnar tókust allar mjög vel og við vorum við mjög heppin með veður í sumar. Börnin stóðu sig öll með prýði og hafa greinilegan áhuga á umhverfi sínu.

Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í ferðunum og öllum þeim sem lögðu lið. Svona starf



Kíkt var í Flatey og fengu börnin að skoða kýrnar

getur ekki gengið nema með velvilja samfélagsins og hans njótum við svo sannarlega Sérstakar þakkir fá: Fallastakkur ehf., Björn Arnarson, starfsmenn Þórbergssseturs, Flateyjar,

Hlíðarhesta, Jöklaveraldar og hafnarinnar, bílstjórar og leikjanámskeið Sindra.

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 5. september.
Helgistund kl. 11:00.

Bjódum væntanleg
fermingarbörn sérstaklega
velkomin en fundur með
þeim og foreldrum þeirra
verður að lokinni stundinni.

Allir velkomnir.

Athugið

Við minnum foreldra að skrá fermingarbörn sín á
www.bjarnanesprestakall.is/skraning

Styrktaraskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarn ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er.

Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Pitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



Anlát

Davíð Ragnarsson

fæddist á Höfn 11. september 1935 og lést
á Skjólgarði þann 23. ágúst s.l.

Foreldrar hans voru Margrét Stefánía
Guðrún Davíðsdóttir f.20.ágúst 1899 d.
21.mars 1986 og Ragnar Snjólfsson f.
11.febrúar 1903 d. 6.ágúst 1995

Bræður hans voru:

Einar Baldvin Ragnarsson f.3.september 1930 d. 8.september
2004, Aðalsteinn Ragnarsson f. 22.ágúst 1933 d. 13.október
1952, Örn Hilmar Ragnarsson
f. 26.apríl 1944 d.27.janúar 2006.

Fjölskyldan flutti í Volasel í Lóni 1947 og síðan aftur á Höfn 1956
og bjó Davíð þar æ síðan. Hann vann ýmis störf til sjós og lands
síðast í Skinney-Þinganes.

Útförin fer fram frá Hafnarkirkju 3.september kl. 13:00



Frambjóðendur Sósíalístaflokksins í
Suðurkjördæmi boða til fundar í húsnæði
Afls að Víkurbraut 4

laugardaginn 4. september kl. 13:00

Kynntar verða helstu áherslur framboðsins.
Spurningar spurðar, spurningum svarað.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir og bróðir

ÓLAFUR HALLDÓRSSON
Bifreiðastjóri
Tjörn
Hornafirði



lést á hjúkrunarheimilinu á Höfn
laugardaginn 28. ágúst. Útförin fer fram frá
Hafnarkirkju laugardaginn 4. september klukkan 14
Streymt verður frá afhöfninni á heimasíðu Hafnarkirkju:
www.hafnarkirkja.is
Kirkjugestir eru beðnir að skila á miða nafni, kennitölu og
símanúmeri vegna covid reglna.

Haldór Ólafsson
Agnar Ólafsson **Gunnhildur Birna Björnsdóttir**
Anna Eyrún Halldórsdóttir



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ríttstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaraskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns?
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Er Sjónarhóll of lítill?



Þessari spurningu hefur verið varpað fram í umræðu um leikskólamálað að undanfögnu. Atvinnuþátttaka foreldra og leikskóla/dagvistarrými haldast langoftast í hendur og sú sjálfsgæða þörf eldri leikskólalabarna að fá pláss komi til búferlaflutninga á milli sveitarfélaga. Öll börn eins árs og eldri eiga kost á leikskóladvöl þegar pláss eru laus. Sjá reglur um starfsemi leikskóla á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/stjorn/reglur-og-samthykkir/reglur-er-varda-fraedslumal/>

En komast öll börn að?

Börn eru innrituð í aldursröð, þau elstu fyrst og svo koll af kalli. Varðandi yngstu börnin þá hefur fæðingarorlof verið lengt í 12 mánuði undir forystu Ásmundar Einars Daðasonar félags- og barnamálaráðherra. Þar hefur

verið komið til móts við kröfur samfélagsins um aukinn tíma beggja foreldra með nýfæddu barni og með því leitast við að brúa betur það bil sem oft skapast milli fæðingarorlofs og dagvistar. Til viðbótar fæðingarorlofinu eiga sumir hverjir kost á því að lengja tímann með töku orlofs í kjölfarið.

Það er stefna sveitarfélagsins að þetta ferli gangi allt vel fyrir sig og að börn á leikskólaaldri sem flytja í sveitarfélagið fái dagvistun sem allra fyrst.

Dagforeldrar

Dagforeldrar hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki með dagvistunarúræði fyrir bæði yngsta aldurshópinn og eldri börn til skemmri tíma. Nú er svo komið að aðeins eitt dagforeldri er að störfum í sveitarfélaginu. Sú staða hefur komið upp áður en þá hafa

aðrir bæst í hópinn tímabundið.

Nú hefur sveitarfélagið auglýst eftir dagforeldri og er sem fyrr tilbúið til að aðstoða áhugasama við að hefja störf samkvæmt reglum þar um.

Hvað með Sjónarhól?

Yfirskrift þessa pistils er hvort Sjónarhóll sé of lítill. Það er allavega ljóst að ekki er hægt að bæta við börnum jafnt og þétt yfir skólaárið um leið og þau verða eins árs. Því er brýn þörf fyrir fleiri dagforeldra. Árlega er farið yfir fjölda einstaklinga í árgöngum og þróunina til þess að vakta hver þörfin er og verður. Þegar Sjónarhóll var tekinn í notkun var fjöldi deilda sá sami og var á Lönguhólum og Krakkakoti til samans. Markmiðið var eftir því sem ég kemst næst að skólinn rúmaði fleiri börn en nú eru á leikskólanum og þá starfsmenn sem þyrfti til að sinna kennslu og þörfum nemenda.

Hvað svo?

Fræðslu- og tómstundanevnd í samvinnu við sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs og leikskólastjórnendur, vinna að því að skoða hvernig við mætum auknum fjölda sem þarf á leikskóladvöl að halda. Greina rýmið enn betur og koma með ábendingar, tillögur að framtíðarsýn og aðgerðum í málaflokknum ef ástæða þykir til.

Á meðan þeirri vinnu stendur reyna allir eftir fremsta megni að eiga gott samtál og samstarf við foreldra og forráðamenn barna á leikskólaaldri sem ekki komast að í skólanum. Foreldrar sem lenda í þeirri stöðu að barn kemst hvorki að hjá dagforeldri eða í leikskóla á rétt á foreldragreiðslum/heimgreiðslum samkvæmt reglum þar um.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir, formaður bæjarráðs og Íris Heiður Jóhannsdóttir, formaður fræðslu- og tómstundanevndar.



Okkur í Mjólkurstöðinni vantar starfsmann í móttökuna frá sirka miðjum september.

Viðkomandi verður að vera yfir 18 ára og hafa gott vald á íslensku og ensku. Vinnutíminn er frá kl. 13:00-21:00.

Vinnulýsing: Taka á móti gestum, svara tölvupósti og undirbúningur á morgunmat.

Upplýsingar í síma 895 3830, Elínborg



**Bifreiðaskoðun á Höfn
13., 14. og 15. september.**

Tímappantaniir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 10. september.
Næsta skoðun 18., 19., og 20. október.

Frumherji
Þegar vel er skoðað

NÁMSKEIÐ VÖRUHÚS / FAB LAB

Vöruhúsið og Fab Lab smiðja Hornafjarðar bjóða upp á ýmis námskeið fyrir alla sem vilja auka þekkingu sína í skapandi greinum. Boðið er upp á sex örnámskeið og tvö sérnámskeið. Annað er fyrir fyrir ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára en hitt er fyrir kennara sem vilja nýta Fab Lab. Á þessum lengri námskeiðum er leitast við að auka færni í tölvustuddri hönnun og búa til skemmtileg verkefni í Fab Lab smiðjunni. **VERIÐ VELKOMIN!**

Örnámskeið (2-3 tímar)

Stutt námskeið fyrir alla sem vilja læra ákveðna færni og kynnst því sem Vöruhúsið og Fab Lab smiðjan hefur upp á að bjóða.

Merkingar

Lærðu að hanna flottar merkingar á boli



Gluggafilmur

Lærðu að hanna gluggafilmur



Laserskurður

Lærðu að vinna skjöl fyrir laser-skera




Upptökur

Lærðu að taka upp demo lög í Studio One



Þrívídd

Lærðu að prenta út skjöl í þrívíddarprentara



Blynk app

Lærðu að stýra iðntölvum með síma appi.



Fab Lab námskeið (10 tímar)

Lengri námskeið fyrir kennara eða nemendur á framhalds- eða háskóla aldri.

Nemenda-námskeið

Fab Lab námskeið fyrir 16 til 25 ára ungmenni sem vilja læra um vöruhönnun og nýsköpun.



Kennara-námskeið

Námskeið fyrir grunn- og framhaldsskólakennara sem vilja læra á tæki Fab Lab smiðjunnar



Athugið ekki er búið að tímasetja þessi námskeið en það verður gert þegar næg skráning er komin. Námskeiðin fara fram á tímabilinu 14. sept. til 14 des.

Gjald fyrir örnámskeið: **5000 kr** (fyrir utan efniskostnað).
Gjald fyrir nemendanámskeið: **Án gjalds** (fyrir utan efniskostnað).
Gjald fyrir kennaranámskeið: **Án gjalds** (fyrir utan efniskostnað).

Skráning: vilhjalmurm@hornafjordur.is
eða í síma: 862-0648.



VÖRUHÚSIÐ
MIÐJA SKAPANDI GREINA Á HORNAFIRÐI

 Vöruhúsið / Fab Lab

 fablab_hofn

Ólafsvík, Hornafjörður og hörmulegt sjóslys

Séra Guðmundur Örn Ragnarsson var nýlega á ferðalagi um Snæfellsnes ásamt konu sinni Jónínu Láru Einarsdóttur og syni Bjartmari Orra Arnarsyni. Komu þau m.a. við í Ólafsvík. Gamla pakkhúsinu á staðnum var reist árið 1844 og í því er merkilegt byggðasafn. Þar var lítið inn.

Þegar Sr. Guðmundur Örn kastar kveðju á ungu konuna, sem tekur á móti gestum í Pakkhúsinu, svarar hún á hreinni íslensku. Kvaðst presturinn undrandi á því að talað væri á íslensku en ekki á ensku á slíkum stað, því nú um stundir væri það til síðs að útlendingar sem ekki kynnu íslensku væru hafðir til að útskýra íslenska þjóðhætti á stöðum sem þessum víðsvegar um landið.

Konan unga kveðst þá ekki aðeins vera Íslendingur heldur væri hún innfæddur Ólsari. En bætir síðan við að hún eigi einnig ættir að rekja til Hafnar í Hornafirði. Kvað hún mömmu sína hafa farið frá Ólafsvík, til Hafnar í vinnu tímabundið og kynnst þar föður hennar og hann fluttst með henni til Ólafsvíkur, en hann var yngsti sonur Ólafs Runólfssonar skipstjóra á Helga SF-50, sem fórst 15. september 1961. En hún sé fædd Ólafsvíkingur.

Við þessi orð ungu konunnar tók Sr. Guðmundur Örn viðbragð og sagðist þekkinga vel til hennar fólks á Hornafirði.

Það skal tekið fram að hvorki hafði þessi unga kona kynnt sig né heldur sr. Guðmundur Örn. Eina nafnið sem nefnt hafði verið var nafn afa hennar, Ólafs Runólfssonar.

Þá fór sr. Guðmundur að nefna nöfn annarra ættingja hennar á Höfn, eins og langafa hennar, Runólf og langömmu hennar Sigurborgu. Og þá lifnaði heldur betur yfir ungu konunni sem kvaðst heita eftir

langömmu sinni á Höfn í Hornafirði, en nafn sitt sagði hún vera Sigurborg Kristín Ólafsdóttir.

Bræðurnir Ólafur Runólfssonar og Bjarni Runólfsson sem fórust báðir í þessu hörmulega sjóslysi 15. september 1961 og voru báðir feður fjögurra ungra barna. Yngsta barn Ólafs var þá eins árs, Ólafur Helgi Ólafsson, er faðir Sigurborgar Kristínar. Yngsta barn Bjarna var aðeins 3ja mánaða, Bjarnheiður Sigurborg.

Sr. Guðmundur Örn vissi nú, að skyldleikatengsl væru milli hans og þessarar ungu Sigurborgar Kristínar. Og það reynist vera í 4. og 5. lið frá hjónunum Runólfi Þórhallssyni f. 22. maí 1831 og konu hans Róshildi Bjarnadóttur f. 22. apríl 1832.

Sömu nöfnin koma síðan fyrir í báðum ættleggjum. Afabróðir sr. Guðmundar Arnar hét Runólfur Bjarnason f. 3. desember 1884 og bjó í Skaftafelli í Örafasveit, reyndar síðasti bóndinn í Selinu í Skaftafelli. Langafi Sigurborgar Kristínar, hét einnig Runólfur Bjarnason f. 4. nóvember 1891 bjó á Höfn í Hornafirði en hann var nefndur hér að framan.

En aðalástæðan fyrir því hversu vel presturinn þekkti til fólks Sigurborgar Kristínar á Höfn var sú að faðir sr. Guðmundar Arnar var Ragnar Kjartansson myndhöggi, sem fæddist á Staða-Stað á Snæfellsnesi 17. ágúst 1923, var náinn vinur Bjarna Runólfssonar sem fórst ásamt bróður sínum Ólafi Runólfssyni með Helga SF-50.

Vinirnir Bjarni og Ragnar kvæntust tveimur systur frá Skaftafelli í Örafasveit, þeim Rögnu Sigrúnu og Katrínu Guðmundsdætrum. Sú síðarnefnda var móðir sr. Guðmundar Arnar.



Bjartmar Orri, Sigurborg Kristín og sr. Guðmundur Örn fyrir framan Pakkhúsið í Ólafsvík.

Bjarni Runólfsson var lengi stýrimaður á olíuskipinu Kyndli, sem dreifði olíu á hafnir umhverfis Ísland. En árið 1960 fékk sr. Guðmundur Örn pláss á skipinu sem hjálparkokkur, þá aðeins 14 ára gamall. Var það að tilhlutan Bjarna Runólfssonar.

Vert að geta þess að sr. Guðmundur Örn Ragnarsson þjónaði sem prestur þjóðkirkjunnar á Höfn frá 1989 til 1990 og endurnýjaði þá gömul kynni við ættingja Sigurborgar Kristínar.

Hér að neðan má sjá frétt sem birtist í Morgunblaðinu 17. september 1961 en nú í september eru liðin 60 ár frá slysinu.

Hörmulegt sjóslys við Færeyjar Sjö Íslenskir sjómenn farast



Helgi SF 50 með góðan afla á Siglufirði.
Mynd: Hannes Baldvínsson

Tveir komust af, er Helgi frá Hornafirði fórst Sá hörmulegi atburður varð um hádegisbil á föstudaginn 15. september 1961, að vélbáturinn Helgi SF-50 frá Hornafirði fórst í ofsaveðri skammt vestur af Færeyjum og með honum sjó ungir menn, sá elzti um fertugt. Tveir af áhöfninni komust af og var þeim bjargað um borð í skozkan fiskibát eftir að þá hafði hrakið fyrir sjó og vindi í gúmmibát í tæpan sólarhring. Það var ekki fyrr en í gærmorgun, að vitnaðist um slysið.

Skozki línubáturinn Verbena, sem þá var staddur skammt suður af Suðurey í Færeyjum, kallaði laust fyrir kl. 10 f. h. og sagðist hafa bjargað tveimur íslenskum skipbrotsmönnum. Togarinn

Þormóður goði var á svipuðum slóðum, á leið frá Þýskalandi, og hafði Marteinn Jónasson, skipstjóri, þegar samband við hið skozka skip. Sagði skozki skipstjórinn, að skip íslendinganna hefði sokkið mjög snögglega um hádegisbil á föstudag. Hefði komið á það hnútur, sem hvolfði skipinu í einu veffangi svo að ekki vannst tími til að kalla á hjálp.

Hafði skozki skipstjórinn það og eftir skipbrotsmönnum, að vonlaust væri að fleiri hefðu komizt af. Skipbrotsmennirnir töldu, að Helgi hefði verið staddur því sem næst á 60,45 gr. n. br. og 9 gr. v. l., er slysið varð, en skozka skipið fann þá um 25 mílur suður af Suðurey og mun þá hafa rekið 60 mílur eða því sem næst þegar þeir fundust.

Eins og fyrr segir var þarna aftakaveður. Þormóður goði sendi fréttina strax til Íslands og þessi hörmulegu tíðindi komu eins og reiðarslag. Helgi var á heimleið frá Bretlandi, hafði siglt utan með isaðan fisk. Áhöfnin var öll ungir og vaskir menn, flestir frá Hornafirði.

Bræðurnir Ólafur og Bjarni Runólfssynir keyptu Helga SF 50 í vor og þegar slysið varð, voru þeir að koma heim úr fyrstu siglingunni.

- Ólafur var skipstjórinn, 28 ára gamall, kvæntur og fjögurra barna faðir.

- Bjarni bróðir hans var háseti, fertugur að aldri, kvæntur, fjögurra barna faðir og átti heimili að Sogavegi 116 hér í bæ.
- Bróðursonur þeirra, Trausti Valdimarsson, 2. vélstjóri, var undir tvítugu. Hann var búsettur að Birkihlið 20, Kópavogi.
- Olgeir Eyjólfsson, mágur þeirra Ólafs og Bjarna, var háseti, 32 ára, kvæntur og þriggja barna faðir.
- Einar Pálsson, 1 vélstjóri, 28 ára en ókvæntur. Hann lætur eftir sig aldraða foreldra á Hornafirði.
- Birgir Gunnarsson, 19 ára, háseti, sonur Gunnars Snjólfssonar, fréttaritara Mbl. á Hornafirði og
- Björn Jóhannsson, stýrimaður, úr Suðursveit, 26 ára.

Mennirnir, sem björguðust voru Helgi Simonarson, matsveinn, ættaður úr Hafnarfirði. Hann er tengdasonur Gunnars Snjólfssonar og búsettur á Hornafirði. Hinn er Gunnar Ásgeirsson, háseti, Hornafirði.

Helgi SF 50 var 56 tonna eikarbátur, byggður í Danmörku 1956. Þeir bræður keyptu bátinn í vor og voru að togveiðum í sumar. Þeir veiddu sjálfir aflann, sem þeir sigldu með í þessari ferð.

Morgunblaðið. 17. september 1961.



Starfsemin haustið 2021 hefst mánudaginn 6. september í Sjallanum:

Tími	Mánudagar	Fimmtudagar
17:15 – 18:30	Jóga Opinn tími fyrir alla	Jóga Opinn tími fyrir alla
18:45 – 20:00	Karlanjóga Eingöngu fyrir strákana	Karlanjóga Eingöngu fyrir strákana

Í Hornhúsinu er unnið á heildrænan hátt að því að styrkja og líðka líkamann og skapa um leið innri ró og sátt með íðkun fjölbreyttra jóga-öndunar- og núvintundaræfinga

- Kripalu jóga – mjúka jógastöður
- Vinjasana jógaflæði – ögn krefjandi jóga
- Yin jóga – mjög hægar og djúpar teygjur
- Jóga nidra – djúpslökun
- Núvintund – núíð skoðað

Nánari upplýsingar og skráning:
hornhusid@gmail.com

Verið hjartanlega velkomin

Boðið er upp á hjóna- og paraafslátt af haustskráningu í Hornhúsinu

Gestakennari

Sólveig Stefánsdóttir
Yin jóga kennari, Gong tónheilarí og Access Bars orkumeðferðar- aðili verður í Hornhúsinu 15. og 16. september næstkomandi



15. sept. kl. 19:00 – 21:00:
Cacao -Kyrrðarkvöld með hjartaopnandi cacaobolla, léttum jógaæfingum, leiddri hugleiðslulökun og tónheilun.

16. sept. kl. 19:00 – 22:00:
Orkustöðva vinnustofa
Orkustöðvar vinnustofa þar sem við lærum um orkustöðvarnar og virkni þeirra í gegnum yin jóga, fræðslu og hugleiðslu

Ath. skráðir þátttakendur í tímum Hornhússins fá afslátt af tímum Sólveigar.

Nánari upplýsingar og skráning:
hornhusid@gmail.com

Háskólanemar á Höfn



Í Nýheimum er boðið uppá námsaðstöðu fyrir alla háskólanema. Á Austurgangi eru lesbásar fyrir átta manns, setustofa geymsluskápar og einnig er hægt að fá aðgang að fjarfundastofu. Á Vesturgangi er kaffistofa starfsmanna sem er einnig aðgengileg námsmönnum og á Nýrtorgi er mötuneyti FAS þar sem hægt er að kaupa hafragraut á morgnanna og heitan mat í hádeginu. Á bókasafninu má fá aðstoð við öflun heimilda, millisafnalán og útprentun og ljósritun gegn vægu gjaldi. Þráðlaust net er í öllu húsinu.

Öllum háskólanemum er velkomið að nýta sér námsaðstöðuna þeim að kostnaðarlausu á opnunartíma hússins en auk þess er nemum boðið að fá lykil gegn tryggingargjaldi og hafa þá aðgang að húsinu alla daga milli kl.7:00 og 23:00.

Gjaldtaka vegna umsjónar Nýheima þekkingarseturs við fjarpróf háskóla er óbreytt 4.000 kr. fyrir hvert próf, þó að hámarki 16.000 kr. á önn fyrir hvern nema. Mikilvægt er að nemendur skrái sig til fjarprófs hjá sínum skóla. Umsjón með þjónustu við háskólanema hefur Kristín Vala Þrastardóttir sem tekur vel á móti öllum á skrifstofu sinni á Vesturgangi og svarar fyrirspurnum gegnum tölvupóst á kristinvala@nyheimar.is.



MIÐFLOKKURINN



XM

10 NÝ RÉTTINDI fyrir íslensku þjóðina

Suðurkjördæmi

1. sæti – Birgir Þórarinnsson 2. sæti – Erna Bjarnadóttir

MALBIK - MALBIK - MALBIK

Verðum að malbika á Höfn frá miðjum september í 2-3 vikur, áhugasamir geta haft samband á netfangið thorir@finnurehf.is

MALBIKUN

NORÐURLANDS

Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir alþingiskosningar 25. september 2021

Auglýsing þessi er jafnframt tilkynning til umboðsmanna lista í samræmi við 5. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, á sjúkrastofnunum og fangelsum í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi, fer fram sem hér segir:

Selfoss og nágrenni:

Fangelsið Sogni, Ölfusi föstudaginn 10. september kl. 13:00 – 14:00
Sólheimar í Grímsnesi miðvikudaginn 15. september kl. 13:00 – 14:00
Þjónustumiðstöð aldraðra
Grænumörk 5, Selfossi mánudaginn 20. september kl. 10:00 – 11:00
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Selfossi, sjúkra- og hjúkrunardeildir föstudaginn 24. september 10:00-12:00

Eyrbakki:

Dvalarheimilið Sólvellir, Eyrbakka þriðjudaginn 7. september kl. 10:00 – 11:00
Fangelsið Litla Hrauni, Eyrbakka fimmtudaginn 9. september kl. 10:00 – 11:00

Hveragerði:

Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hverahlíð 20 þriðjudaginn 14. september kl. 09:30 – 11:30
Heilsustofnun NLFÍ föstudaginn 17. september kl. 13:00-14:00

Hella:

Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili mánudaginn 13. september kl. 10:00-11:00

Hvolsvöllur:

Kirkjuhvöll, hjúkrunar- og dvalarheimili mánudaginn 13. september kl. 13.00-14:00

Vík:

Hjallatún, dvalarheimili fimmtudaginn 9. september kl. 12.00-13:00

Kirkjubæjarklaustur:

Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili fimmtudaginn 9. september kl. 16.00-17:00

Höfn:

Skjólgarður, dvalarheimili þriðjudaginn 21. september kl. 13:00-14:30

Atkvæðagreiðslan er einungis ætluð þeim sem dvelja á viðkomandi stofnunum.

Kosning um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Bent er á vefsíðurnar www.syslumenn.is og www.kosning.is, þar sem nálgast má eyðublöð og allar nauðsynlegar upplýsingar vegna komandi kosninga.



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

GIRNILEG HELGARTILBOÐ

GILDA 2.–5. SEPTEMBER



NAUTAMÍNÚTUSTEIK

Í CAJUN-PIPARMARÍNERINGU

2.279 KR/KG

ÁÐUR: 3.799 KR/KG

40%
AFSLÁTTUR



25%
AFSLÁTTUR

Húmarhalar

Blandaðir - 600 g

2.999 KR/PK

ÁÐUR: 3.999 KR/PK



25%
AFSLÁTTUR

Grillpýlsur, osta

260 g - 7 stk

524 KR/PK

ÁÐUR: 699 KR/PK



35%
AFSLÁTTUR

Durum-brauð

612 g

298 KR/STK

ÁÐUR: 459 KR/STK



35%
AFSLÁTTUR

Pecan-vínarbrauð

149 KR/STK

ÁÐUR: 229 KR/STK



KJÖTSEL

40%
AFSLÁTTUR

Grísakinnar

Maríneraðar

827 KR/KG

ÁÐUR: 1.379 KR/KG



KJÖTSEL

40%
AFSLÁTTUR

Bæjónskinka

Kjötisel

1.269 KR/KG

ÁÐUR: 2.115 KR/KG

NORÐLENSKA



20%
AFSLÁTTUR

Nautaframfillet

Í hvítlaukspipar

4.399 KR/KG

ÁÐUR: 5.499 KR/KG



Heilsuvara
vikunnar!

25%
AFSLÁTTUR

C-1000

NOW - 250 stk

2.774 KR/STK

ÁÐUR: 3.699 KR/STK

Epli
Pink Lady - 4 stk

299 KR/PK

ÁÐUR: 598 KR/PK

50%
AFSLÁTTUR

**FÁÐU BETRA VERÐ MED
SAMKAUP Í SÍMANUM**

Náðu í appið og safnaðu
inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið
í öllum Nettó verslunum.



nettó Lægra verð - léttari innkaup

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.